

Hreppsnefnd Akrahrepps: Fundargerð 13. desember 2021

38. fundur 2018 – 2022

Fundarstaður: Héðinsminni og hófst fundur klukkan 17.00.

Mætt: Drífa Árnadóttir, Einar Gunnarsson, Eyþór Einarsson, Hrefna Jóhannesdóttir og Þorkell Gíslason.

Fundargerð:

1. Fjárhagsáætlun 2022-2025 - seinni umræða

Fyrir fundinum lá tillaga að fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árin 2022-2025 til seinni umræðu. Hreppsnefnd ræddi áætlunina og fór yfir meginþætti hennar.

Afgreiðsla við seinni umræðu

Hreppsnefnd samþykkir með 5 samhljóða atkvæðum fjárhagsáætlun Akrahrepps 2022-2025.

2. Álagning útsvars 2022

Fyrir fundinum lá tillaga um útsvar sem nemur 14,52% á árinu 2022.

Hreppsnefnd samþykkir tillöguna samhljóða.

3. Framkvæmdir og viðhald 2022

Rætt og ákveðið að halda áfram með nauðsynlegt viðhald í Héðinsminni og ýmsum innviðum á næsta ári.

4. Gjaldskrár 2022

a) Fasteignagjöld 2022

Álagning fasteignagjalda verður óbreytt og gjalddagar verða samtals 8 talsins, frá 1. mars – 1. október. Eindagi er 30 dögum síðar.

Ákveðið að hækka rotþrórgjald um 20% til að tæmingargjald sé sem næst raunkostnaði.

Ákveðið að hækka tekjutengdan afslátt elli- og örorkulífeyrisþega. Tekjur einstaklinga allt kr. 3.981.500 veita 100% afslátt (var áður kr. 3.565.000). Tekjur hjóna/sambúðarfólks allt að kr. 5.006.500 veita 100% afslátt (var áður kr. 4.640.000).

Sjá nánar um álagningu fasteignagjalda 2022 á heimasíðu Akrahrepps.

b) Sorphirðugjald 2022

Sorphirðugjald verður innheimt um leið og það liggur fyrir.

c) Gjaldskrá Héðinsminni 2022

Lögð fram tillaga að gjaldskrá frá húsnefnd Héðinsminnis.
Hreppsnefnd frestar afgreiðslu.

5. Eignarhald á félagsheimilinu Héðinsminni

Rætt um eignarhald á Héðinsminni en í þinglýsingarbókum er Akrahreppur skráður 100% eigandi án þess að 100% eignarheimild sé til staðar skv. skjölum.

Hreppsnefnd ákveður að fá Sunnu Björk Atladóttur lögmann til þess að fara í eignardómsmál til þess að skýra eignarhald á Héðinsminni. Málið er unnið í samráði við Kvenfélag Akrahrepps.

6. Reglur um fjárhagsaðstoð

Lögð fram tillaga um hækkun á greiðslum sem tilgreindar eru í *Reglum um niðurgreiðslu sveitarfélagsins Akrahrepps á daggæslu í heimahúsum og um foreldragreiðslur*. Þriðji liður var: „Upphæð niðurgreiðslunnar fyrir foreldra sem eru giftir eða í sambúð er kr. 293- fyrir hverja keypta klukkustund, að hámarki kr. 51.491- á mánuði og fyrir foreldra sem eru einstæðir eða báðir í námi er upphæðin kr. 368- fyrir hverja keypta klukkustund, að hámarki kr. 64.922- á mánuði.“ en verður eftir breytingu: „Upphæð niðurgreiðslunnar fyrir foreldra sem eru giftir eða í sambúð er kr. 319 fyrir hverja keypta klukkustund, að hámarki kr. 55.155 á mánuði og fyrir foreldra sem eru einstæðir eða báðir í námi er upphæðin kr. 400 fyrir hverja keypta klukkustund, að hámarki kr. 69.312 á mánuði.“

Hreppsnefnd samþykkir samhljóða framlagða tillögu. Sjá nánar reglur á heimasíðu Akrahrepps.

7. Skilabréf og álit samstarfsnefndar um sameiningu Akrahrepps og Sveitarfélagsins Skagafjarðar – síðari umræða

Sveitarstjórn Akrahrepps samþykkir samhljóða að atkvæðagreiðsla um sameiningu Akrahrepps og Sveitarfélagsins Skagafjarðar fari fram 19. febrúar 2022 og felur samstarfsnefnd að undirbúa atkvæðagreiðsluna og kynna tillöguna og helstu forsendur fyrir íbúum.

Einar Gunnarsson og Þorkell Gíslason leggja fram eftirfarandi sérþóknun:

Fagna ber því að íbúar fái þó að kjósa um sameiningu í stað lögbvingunar. Þessi sameiningartillaga er eftir forskrift frá ríkisvaldinu sem vill losna við fámennari sveitarfélög. Framganga þess gagnvart sveitarstjórnarstiginu er áhyggjuefni.

Ef atkvæði falla með sameiningu hverfa íbúar frá jákvæðum sveitarsjóði til sameiginlegrar ábyrgðar, með öðrum Skagfirðinum á 7-8 milljarða skuld. Akrahreppur afhendir skilyrðislaust allar eignir og sjóði til hins nýja sveitarfélags. Enginn samningur er til um uppgjör. Ekki er í hendi með að sveitarsjóður Akrahrepps og framlag úr Jöfnunarsjóði nýttist til uppbyggingar í framhæðinu. Það væri alfarið á valdi nýrrar sveitarstjórnar. Sú stýrði hvorki fjölmennu né fjársterku sveitarfélagi. Rekstur sveitarfélags byggist á samheldni og ábyrgð og er ávallt áskorun. Við höfum þá trú að landkostir Akrahrepps og mannauður geri okkur kleyft að reka saman sveitarfélag áfram.

8. Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs á Norðurlandi

Lagt fram erindi frá Norðurá bs. dagssett 15.11.2021, þar sem stjórn Norðurár óskar samþykkis aðildarsveitarfélaga, að Norðurá bs verði mótaðili Flokkurnar Eyjafjörður ehf. við gerð nýrrar svæðisáætlunar, greiði þann kostnað sem í þeirra hlut félli og skipi í starfshóp um málið. Ný svæðisáætlun yrði síðan send hverri sveitarstjórn til endanlegrar afgreiðslu.

Hreppsnefnd samþykkir erindið.

9. Styrkbeiðnir

Lagðar fram umsóknir um styrk frá þremur umsækjendum

- a) Tónadans.
Hreppsnefnd samþykkir að styrkja Tónadans um 75.000 kr. vegna sýningar á Hnotubrjótnum 15. desember.
- b) Lestrarfélag Silfrastaðasóknar
Hreppsnefnd samþykkir að styrkja sveitarfélagið um 50 þúsund kr. til bókakaupa.
- c) Styrkumsókn vegna starfsemi eldri borgara á Löngumýri
Hreppsnefnd samþykkir að styrkja starfsemina um 50 þúsund kr.

10. Fundargerðir lagðar fram til kynningar

- Fundargerð 71. fundar stjórnar SSNV frá 2. nóvember. Lögð fram til kynningar.
- Fundargerð 902. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga. Lögð fram til kynningar.
- Fundargerð 901. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga. Lögð fram til kynningar.

11. Önnur mál

Hér undir skýrsla oddvita

Fleira ekki rætt og fundi slitið klukkan 20.25